

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli Eyjafjarðarsveitar og Gnúpverjahrepps um mörk sveitarfélaganna inn til landsins.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 13. september 1999 staðfest samþykkt hreppsnefndar Eyjafjarðarsveitar frá 22. september 1996 og samþykkt hreppsnefndar Gnúpverjahrepps frá 2. september 1999 um mörk sveitarfélaganna inn til landsins.

Samkvæmt samþykktunum verða mörk sveitarfélaganna með eftirfarandi hætti:

Stjórnsýslumörk Eyjafjarðarsveitar á móti Gnúpverjahreppi eru úr hátindi Klakks, eftir Háöldukvísl í Þjórsá.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. september 1999.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um takmörkun á markaðssetningu lampaolíu, skrautmuna, leikfanga og spaug- eða gabbvarnings með tilteknum efnum.

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir eða takmarka framleiðslu, innflutning eða dreifingu lampaolíu, leikfanga, skrautmuna og spaug- eða gabbvarnings sem innihalda tiltekin efni.

Skrautmunir og olíulampar.

2. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn eða dreifa skrautmunum sem í eru efni í vökvaformi sem flokkast hættuleg, skv. reglugerð nr. 236/1990¹⁾, og ætluð eru til að ná fram ljós- eða litaáhrifum með mismunandi fösum. Dæmi um slíka hluti eru skrautlampar og öskubakkar.

3. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn eða dreifa olíu, sem nota má sem eldsneyti á lampa, ef hún inniheldur ilm- eða litarefni og er í umbúðum sem eru minni en 15 lítrar þegar hún flokkast hættuleg og skal merkt með hættusetningunni H65 „Getur valdið lungnaskaða við inntöku“ skv. reglugerð nr. 236/1990.

¹⁾ Reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, með síðari breytingum.

4. gr.

Umbúðir lampaolíu sem heimilt er að markaðssetja skulu, auk annarra lögbundinna merkinga, merktar með eftirfarandi áletrun með skýru og óafmáanlegu lettri: „Geymið lampa sem fylltir eru með þessum vökva þar sem börn ná ekki til“. Umbúðirnar skulu búnar öryggislokum sem börn geta ekki opnað, sbr. reglugerð nr. 609/1997, um öryggislok og áþreifanlega viðvörðun.

5. gr.

Óheimilt er að selja eða dreifa á almennum markaði í úðabrusum efnablöndum sem flokkast sem eldfimar, mjög eldfimar eða afar eldfimar, skv. reglugerð nr. 236/1990, ef þær eru ætlaðar til skemmtunar eða skreytinga fyrir almenning, t.d. glimmer, gervisnjór, skrautflögur og skrautlöður.

Umbúðir efnavöru sem tilgreind er í 1. mgr. og leyfð er til faglegra nota skulu, auk annarra lögbundinna merkinga, merktar með eftirfarandi áletrun með skýru og óafmáanlegu lettri: „Notist aðeins af fagfólki“.

Leikföng og leikir.

6. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, eða dreifa spilum eða leikjum sem ætluð eru fyrir einn eða fleiri þátttakendur ef í þeim eru efni eða efnablöndur í vökvaformi sem flokkast hættuleg skv. reglugerð nr. 236/1990.

7. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn eða dreifa leikföngum sem innihalda bensen (CAS-nr.²⁾ 71-43-2) ef styrkur óbundins bensens er meiri en 5 mg/kg miðað við þyngd leikfangsins eða hluta þess.

Spaug- og gabbvarningur.

8. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota efni eða efnablöndur í vökvaformi, sem flokkast hættuleg skv. reglugerð nr. 236/1990, í spaug- eða gabbvarning, t.d. í hnerriduft eða fýlubombur. Enn fremur eru eftirtalin efnasambönd og efni unnin úr náttúruafurðum óheimil til slíkra nota:

- duft úr sápuþerki (*Quillaja saponaria*) ásamt afleiðum þess sem innihalda saponín,
- duft úr rótum *Helleborus viridis* (fjallaskuggi) og *Helleborus niger* (jólárós),
- duft úr rótum *Veratrum album* (hvít hnerrarót) og *Veratrum nigrum* (svört hnerrarót),
- viðarduft (sag),
- bensídn
- bensídnafleiður,
- *o*-nítrobenzaldehyð
- ammóníumsúlfíð
- ammóníumvetnissúlfíð
- ammóníumfjölsúlfíð
- rokkgjarnir esterar brómedíksýru:

| | | |
|--------------------|----------|-------------|
| - metýlbrómasetat | CAS- nr. | 92-87-5, |
| - etýlbrómasetat | CAS- nr. | 105-36-2, |
| - própýlbrómasetat | CAS- nr. | 35223-80-4, |
| - bútýlbrómasetat | CAS- nr. | 18991-98-5. |

²⁾ CAS nr.: Chemical Abstract Service - Alþjóðleg númer efna og efnasambanda.

Eftirlit, viðurlög og gildistaka.

9. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

10. gr.

Um mál er rísa kunna út af brotum á reglum þessum fer að hætti opinberra mála. Um viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi fyrir samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Höfð er hliðsjón af ákvæðum 4. tl., XV. kafla, II. viðauka sammingsins um Evrópskt efna-hagssvæði (tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efna-blandna, eins og henni er breytt með tilskipunum 79/663/EBE, 82/806/EBE, 83/264/EBE, 89/677/EBE, 94/48/EB og 97/64/EB).

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 694/1994, um takmörkun við framleiðslu, notkun og innflutningi leikfanga, skrautmuna og spaug- eða gabbvarnings sem innihalda tiltekin efni.

Umhverfisstjórnuneytinu, 16. september 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 671/1997 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fengnum meðmælum yfirdýralæknis að veita almenna undanþágu í allt að eitt ár frá ákvæðum 2. ml. 13. tl. 10. gr. samkvæmt nánari skilyrðum sem yfirdýralæknir setur.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991 ásamt síðari breytingum, lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998 og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. september 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.